214. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Fimmtudaginn 15. maí 2025.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem setti fund, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Gestir fundar voru Guðmundur Þór Guðmundsson lögfræðingur kirkjuþings og Guðmundur Rafn Sigurðsson fv. framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 11:00.*
2. *Fundargerð 213. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerð samþykkt.
3. *Erindi til kirkjugarðráðs er varðar stofnun kirkjugarðsstjórnar í áður sameinuðum söfnuði*. Guðmundur Þór Guðmundsson kynnti. Sóknarnefnd í sameinuðum söfnuði hefur leitað aðstoðar Guðmundar Þórs vegna stofnunar kirkjugarðsstjórnar. Skv. sóknarnefnd er álitamál hvernig skal túlka 8. og 9. grein laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 hvað varðar kjör sérnefndar. Skilningur kirkjugarðaráðs er sá að ef kirkjugarður þjónar einni sókn og ekki er annað skráð trúfélag á staðnum með a.m.k. 1.500 gjaldskylda meðlimi hefur viðkomandi sóknarnefnd á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs. Ekki er kjörin sérnefnd til umsjónar nema tvær eða fleiri sóknir hafi sameiginlegan kirkjugarð og/eða að til staðar sé skráð trúfélag sem uppfyllir lágmarksfjölda gjaldskylda meðlima. Guðmundur Þór yfirgaf fund að loknum fundarlið.
4. *Skýrsla um úthlutanir úr kirkjugarðasjóði - fyrsti hluti.* Guðmundur Rafn kynnti. Guðmundur Rafn hefur lokið við skýrslu um framkvæmdir styrktar af kirkjugarðasjóði frá árinu 1988 til og með 2024 á Austurlandi, Suðurlandi og Suðunesjum. Alls er fjallað um 111 garða og er um helmingur kirkjugarða landsins eftir. Í skýrslunni eru teknar saman helstu upplýsingar um viðkomandi garð, gerð grein fyrir framkvæmdum á árabilinu og birtar myndir fyrir og eftir framkvæmdir ásamt upplýsingum um gögn sem eru í vörslu kirkjugarðaráðs. Skýrslan er útgefin í samstarfi kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambandsins og kemur út í stað Bautasteins í ár. Kirkjugarðaráð mun óska eftir að Guðmundur Rafn haldi verkinu áfram næsta haust og ljúki hringferð sinni um landið. Samhliða skýrslugerðinni var unninn gagnagrunnur í samstarfi Guðmundar Rafns og Jóhannesar Finns Halldórssonar hagfræðings. Gagnagrunnurinn geymir upplýsingar um allar úthlutanir úr kirkjugarðasjóði frá 1988 til 2024. Heildarfjöldi styrkveitinga á árabilinu er 1549. Heildarupphæðin er 2,9 milljarðar, en 3,6 milljarðar ef framreiknað er til 1. apríl 2025. Hægt er að kalla fram upplýsingar úr gagnagrunninum á ýmsan máta með Power Bi skýrslu. Guðmundur Rafn yfirgaf fund að loknum fundarlið.

5. *Önnur mál.* 1) Ágústa og Smári sögðu frá fræðslufundi um málefni kirkjugarða sem þau héldu á Ísafirði þriðjudaginn 6. maí sl. Meðal fundargesta voru fulltrúar sveitarfélaga á Vestfjörðum, kirkjugarðastjórnir og fulltrúar stærstu trúfélaga. Til umfjöllunar var skipulag og umhirða kirkjugarða. 2) Smári sagði frá aðalfundi Kirkjugarðasambands Íslands sem haldinn var laugardaginn 3. maí í Hveragerði. Í nýrri stjórn Kirkjugarðasambandsins sitja Ingvar Stefánsson sem einnig er formaður sambandsins, Ágústa Erlingsdóttir og Anna Kristjánsdóttir kirkjugarðsvörður í Akraneskirkjugarði.
6. *Næsti fundur.* Fundað verður fimmtudaginn 12. júní kl. 11:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26.

Fundi var slitið kl. 12:45.